

Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Prándur, Bragi, Raj og Gunnar.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Davis cup.** ITF ætlar að heiðra Arnar fyrir að hafa leikið yfir 50 leiki í Davis cup fyrir Íslands hönd.
2. **Dómaramál.** Stjórn TSÍ áréttar að þegar aðeins einn dómari er til þess að dæma leik (engir línudómarar), þá dæma leikmenn sjálfir, en dómari grípur inn í eftir þörfum.
Raj mun senda stjórn TSÍ tillögu um taxa fyrir dómgæslu.
3. **Mótahald í sumar.** Víkingur, Þróttur og TFK hafi samráð varðandi mótahald félaganna og sendi dagsetningar til Rakelar svo setja megi þær á vefinn. Íslandsmót utanhúss verða 8. – 12. ágúst í meistaraflokki haldið á völlum TFK í Kópavogi. Öðlingaflokkar verða 13. – 18. ágúst á völlum Þróttar. Ungmennaflokkar verða 13. – 18. ágúst á völlum Víkings. Spila skal fulla leiki með forskoti, a.m.k. í undanúrslitum og úrslitum. Leikir skulu fara fram utanhúss, nema hættulegt sé að spila utanhúss vegna veðurs.
4. **Áskorendakeppni.** Vel hefur tekist til, ákveðið að samtals 600 þús.kr. verði sett í verkefnið á árinu 2012, en hugsanlegt er að hækki þurfi gjöld þátttakenda.
5. **Davis cup.** Reynt verður eftir föngum að fá endurgreidda flugmiða og annað vegna spilara sem dró sig út úr landsliðinu á elleftu stundu. Það sem ekki fæst frá flugfélögum og öðrum er reiknað með að viðkomandi leikmaður endurgreiði.
6. **U-12 æfingabúðir.** Boð fyrir strák, stelpu og liðsstjóra. Reiknað með að keppa um það. Raj og aðrir þjálfarar skipuleggja.
7. **Prúðmennskuverðlaun.** Til þess að undirstrika mikilvægi háttvísi og góðrar framkomu á mótum verða innleidd prúðmennskuverðlaun á Íslandsmótinu innanhúss. Gunnar og Raj stýra þessu. Ónefndur leikmaður sem fékk svona verðlaun fyrir mörgum árum sagði að foreldrar sínir hefðu verið ánægðastir með þessi verðlaun af öllum verðlaunum sem hann vann til!
8. **Lyfjaeftirlit.** Eftirlitsmenn frá ÍSÍ mættu á landsliðsæfingu og prófuðu nokkra leikmenn. Búast má við að eftirlitsmenn birtist óvænt á mótum og æfingum og prófi leikmenn.
9. **Ársþing 2012.** Undirbúningur ársþings gengur vel og flest gögn eru tilbúin. Fjöldi fulltrúa frá hverju félagi er í hlutfalli við fjölda iðkenda.